

Tillaga til 436. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. maí 2019

Tillaga að umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á íslensk stjórnvöld að láta endurskoða ákvæði í EES samninginum með það að markmiði að tryggja áfram þá sérstöðu sem Íslands hefur hvað varðar heilbrigði búfjástofna og lága tíðni sýkinga af völdum fjölonæmra baktería.

Óeðlilegt er annað en að sömu gæðakröfur verði gerðar til innfluttra matvæla frá Evrópska efnahagssvæðinu og gerðar eru til íslenskrar matvælaframleiðslu, enda er markmið með EES samningnum að vörur og þjónusta á markaði séu að keppa við sambærileg samkeppnisskilyrði.

Tryggja verður að lýðheilsa beri ekki skaða af innflutningi vegna sýktra matvæla og að hægt verði að stöðva án fyrirvara innflutning, þegar upp koma dæmi um alvarlega sjúkdóma eins og td kúariða. Tryggja verður eftirlit og auka rannsóknir í landbúnaði og innlendri matvælaframleiðslu. Hraða verður mótun á framtíðarsýn matvælaframleiðslu á Íslandi og tryggja verður að upprunamerkingar gefi réttar upplýsingar og séu ekki misnotaðar.

Verði frumvarpið að veruleika mun það hafa verulega neikvæð áhrif fyrir starfsumhverfi landbúnaðarins á Íslandi. Á Vestfjörðum má áætla að um 4% starfa séu beint tengd landbúnaði. Landbúnaður er ein meginundirstaða atvinnu á landsbyggðinni og byggðafesta í mörgum sveitarfélögum. Afar óábyrgt væri af stjórnvöldum að samþykkja frumvarp sem hefur slíkar afleiðingar án þess að tryggja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar.

Mikið áhyggjuefni er hve undirbúningur fyrirhugaðra mótvægisáðgerða er skammt á veg kominn, aðgerðaráætlunin haldlítill og afar knappur tími gefinn til innleiðingar. Matvælaöryggi og almenn lýðheilsa eru mikilvægustu þættir fullveldis og eiga alltaf að vega þyngra en viðskiptahagsmunir.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur því til við Alþingi að ofangreind atriði verði tryggð áður en frumvarpið taki gildi en hafna því í núvarandi mynd.“